

104 1915, um atvinnu við siglingar á gufuskípum, lög nr. 14 15. júní 1926 og lög nr. 23. júní 72 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, lög nr. 23 9. janúar 1935, um breyting á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

63. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

105

23. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Iðnaður heitir í lögum þessum hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám.

Sá rekur iðnað, sem ber fjárhagslega ábyrgð á iðnrekstrinum. Sá stundar iðnað, sem vinnur að honum um lengri eða skemmri tíma.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Enginn, hvorki stofnun né einstaklingur, má reka iðnað, nema meistari í iðninni hafi þar alla verkstjórn á hendi.

Enginn má stunda iðnað, nema meistara, sveinar og nemendur í iðninni. Þó er hverjum sem er heimilt að vinna iðnaðarvinnu fyrir sjálfan sig og sitt heimili.

3. gr.

105

23. júní

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn, að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni.

Nú er sveina- og meistarafélag ekki til í einhverri iðn, og getur þá meiri hluti samiðnaðarmanna á staðnum veitt samskonar leyfi.

Í sveitum, og kaптúnunum með 300 íbúa eða færri, mega óiðnlærðir menn þó vinna að byggingariðnaðarstörfum.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Sá maður hefir iðnréttindi, sem:

- a. hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða
- b. hefir sveinsbréf í iðn sinni, eða
- c. hefir iðnbréf í iðn sinni, eða
- d. hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi fyrir 1. janúar 1936.

5. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á rétt á að fá meistarabréf, ef hann:

1. fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—5. tölul. 3. gr., og
2. a. hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða
- b. hefir sveinsbréf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara.

Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

Hafi sveinninn lokið prófi frá viðurkenndum framhaldsskóla (tekniskum dagskóla) í iðn sinni, færast þessi 3 ár niður sem skólatímanum svarar, þó aldrei niður úr 1 ári.

6. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal ráðherra að ákveða, að enginn fái meistarabréf nema að afloknu meistaraprófi, enda sé þá jafnframt ákveðið, hverjar kröfur skuli gerðar til meistaraprófs.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Geta skal þess í meistarabréfi, hverskonar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Meistarabréf veitir aðilja heimild til þess að reka þá iðn, sem sveinsbréf hans greinir, svo og að stjórna iðnrekstri fyrir aðra, hvar sem er á landi hér, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rétt til að ráða sér aðstoðar-

105 menn eftir þörfum, þó þá eina, sem rétt hafa til iðnaðarvinnu samkvæmt lög-
23. júní um þessum.

Rétt er að veita sama aðilja meistarabréf í fleiri en einni iðn, ef hann full-
nægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykktum má ákveða, að enginn megi veita húsbyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar, enda sé hann meistari í húsasmíði eða múrsmíði. Ef aðrir taka að sér framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.

9. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir fyrirgert rétti sínum samkvæmt meistarabréfi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 1.—3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. 3. gr. segir.
2. Missir þeirra annara skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.), er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda réttinum.

Ef félag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málsgr. 5. gr. segir.

10. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf, samkvæmt tillögu viðkomandi iðnráðs.

Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðilja þá rétt að bera málið undir ráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarétt á varnarþingi hans.

11. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfsvið þeirra.

12. gr.

24. gr., sem verður upphaf III. kafla laganna, orðist svo:

Halda skal skrá yfir öll þau leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrir mæli um þessi efni.

13. gr.

105

23. júní

25. gr. laganna orðist svo:

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hér á landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurétt hér samkvæmt samningum en lög þessi greina.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Gjalda skal ríkissjóði fyrir: Iðjuleyfi kr. 100.00. Meistarabréf kr. 50.00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður allt að helmingi, ef sérstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sér og sínum o. s. frv.

15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Það varðar sektum, frá 100—5000 kr., ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða eftir að hann hefir misst lögmaelt skilyrði eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.

Það varðar sektum, frá 100—2000 kr., og réttindamissi í 5—10 ár, ef um ítrekuð brot er að ræða, ef maður:

1. Rekur iðnað, sem meistarabréf þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir misst heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli meistarabréfs síns.
3. Tekur að sér verk, er í 20. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.
4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annari iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir réttindi meistara, eða heldur nemendur án löglegs námssamnings, áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum.
5. Tekur mann til iðnaðarvinnu, sem ekki hefir rétt til þess samkv. 14., 15. og 16. gr.

16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Sektir samkvæmt 27. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjöld þau fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðju eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 26. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

105

23. júní

29. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Utan kaupstaðanna koma þau þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1937.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

106

23. júní

L Ö G

um útsvör.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Déttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér höfum látið fella texta laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör, svo og lög nr. 59 1931 og lög nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefum þau út þannig breytt, og fellum jafnframt VI. kafla þeirra úr textanum:

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn hefir rekið eða stundað atvinnu án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili hefir orðið útsvarsskyldur vegna dvalar án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurfjöfnun útsvara fer fram.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurfjöfnunarnefnd: Niðurfjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd í sveitum, nema sérstaklega sé öðruvísi um mælt.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næsta á undan niðurfjöfnun.